

Skypefundur í landssambandsstjórn Delta Kappa Gamma á Íslandi

21. janúar 2016 kl. 17

Fundur settur: Eygló, Jónína og Sigríður – Guðbjörg Sveinsd. er í London hafði boðað forföll. Hvorki Inga María né Kristín komust í samband, þrátt fyrir sjáanlegar tilraunir. Þær sem komnar voru á fundinn ákváðu að hefja fund í von um að hinar tvær, Inga María og Kristín kæmu síðar inn.

Fundarefni:

40 ára afmæli samtakanna:

Var haldið þann 7. nóvember s.l. og tókst afskaplega vel. Samantekt um það má finna á vef samtakanna ásamt myndum. Sigrún Klara og hennar konur hafa gert upp reikninga og skilað af sér uppgjörinu. Smávegis halli varð á samkomunni uppá 30 þúsund og þótti fundinum það ekki tiltökumál. Það mun mest hafa stafað af því að ákveðið var á síðustu stundu að bjóða erlendu gestunum að borða endurgjaldslaust í veislunni um kvöldið. Eygló ætlar að senda stjórninni uppgjórið. Eins og við munum varð nokkur umræða, bæði á síðasta landssambandsþingi og á framkvæmdaráðsfundinum s.l. haust um það hvort halda bæri uppá afmælið þegar 40 ár væru frá stofnun fyrstu deildar, 7. nóvember 1975 eða þegar 40 ár væru frá stofnun landssambandsins þegar viðbótardeildirnar Beta og Gamma voru stofnaðar árið 1977. Eftir vel heppnaða afmælishátíð er ekki annað að finna en að allir séu sáttir og glaðir.

Samtökin fengu gjafir á afmælinu: frá Evrópuforsetanum – peninga, ca 5 þúsund ísl. krónur og gripi, til dæmis skál frá norsku fulltrúunum, sem komu á hátíðina.

Eygló lagði til að stofnað yrði til **happdrættis** á vorþinginu næsta þar sem vinningar yrðu afmælisgjafirnar, sem mátti nota til fjáröflunar. Konum gæfist kostur á að kaupa miða og afraksturinn síðan notaður til góðgerða- og eða framfaramála. Til dæmis að láta ágóðann renna til menntunar flóttafólksins, sem kemur til Íslands um þessar mundir, eða annað þarft málefni. Rætt um að spyrjast fyrir hjá Rauða krossi Íslands og/eða öðrum hjálparstofnunum um það hvar styrkja mætti menntun barna og/eða kvenna í hópi flóttafólks.

Vorþing í vor verður á Reykjavíkursvæðinu þ. 30. apríl:

- undirbúningur kominn á fullt. Ingibjörg Einars í Gammadeild er þar í forsvari og allt gengur vel. Setbergsskóli hefur verið festur í þingið og Hafnarfjarðarbær mun bjóða hópnum til móttöku.

Tveir **fyrirlesarar** koma utanlands frá með fyrirlestra. Þær verða hýstar á Sóleyjargötu í kennarahúsinu. Geta haft með sér maka. Við þurfum að sjá þeim fyrir húsnaði og mat. Ef þær vilja vera lengur, þurfa þær að láta Eygló vita.

Gestir á vorþingið. Stjórnin er mjög jákvæð gagnvart því að konur bjóði með sér gestum og það þarf líklega ekkert að takmarka fjöldann á gestum. Gestir borga eins og aðrir.

International Achievement Award 2016:

Samtökunum býðst að tilnefna eina konu til International Achievement Award 2016 og okkur kom saman um að fara yfir hvort Sigrún Jóhannesdóttir ætti ekki möguleika á að falla að þeim viðmiðum sem gefin eru til að hljóta þá viðurkenningu. Eygló sendir Jónínu form til að skoða og gera fyrstu atlögu til útfyllingar. Þarf að ganga frá þessu fyrir 1. mars.

Rósa Kristín Júlíusdóttir hefur verið tilnefnd í dómnefnd á vegum Evrópudeildarinnar um listaverk á vef.

Óskað var eftir því að evrópsku landsambandsforsetarnir tilnefndu einn frá hverju landi til að aðstoða International Arts & Humanities Jury nefndina (sem er nefnd á vegum alþjóðasamtakanna og velur myndir til að sýna í „Art Gallery-inu“ á alþjóðasambandsvefnum) við að þróa verkefnið og velja efni til sýningar. Rósa Kristín Júlíusdóttir í Betadeild tók hlutverkið að sér.

Stjórnunámskeið – umsókn í sjóð:

Athuga þarf hvort sækja ætti í Lucile Cornetet sjóðinn sem hugsanlega styrkti Stjórnunámskeið Sigrúnar Jóhannesdóttur. Sækja þarf fyrir 1. nóvember n.k. Gott væri að hitta Sigrúnu e.t.v. í febrúar og skoða, hvort Sigríður Johnsen getur komið til liðs við Sigrúnu og e.t.v. tekið við keflinu smátt og smátt. Sigrún hefur lýst því yfir að hún vilji fara að fá einhvern með sér og Sigríður sagðist hafa unnið með sjálfstyrkingarnámskeið og vildi gjarnan skoða samvinnu við Sigrúnu.

Stofnun nýrrar deildar á Norð-vestur svæðinu:

Félaga og útbreiðslunefnd er með Norðvestursvæðið til skoðunar og stefnt er að því að stofna deild þar. Þar er undir: Sauðárkrókur, Hólar, Varmahlíð, Blönduós, Hvammstangi og alveg niður í Hrútafjörð í suðri. Margar öflugar konur þar. Sú skoðun kom fram að velja þyrfti góðan kjarna, sem þekktist vel og væri áhugasamur. Alltaf féllu svo og svo margar úr. Best væri að eiga spjall saman, maður á mann og koma þessu áfram á þann veginn.

Landssambandsþing á Akureyri 6.–7. maí 2017:

Beta deildin á afmæli um þessar sömu mundir og eðlilegt að Beta og Mýdeildir standi fyrir þinginu. Komnar konur í nefndina, sem er að fara að hittast. Norðankonur vilja hafa vaðið fyrir neðan sig og byrja snemma að undirbúa sig. Áríðandi að finna dagsetningu, sem sátt verður um. Eygló leggur til 6.–7. maí 2017 og biður um að konur láti vita ef við sjáum meinbugi á því.

Misræmi á orðalagi í lögum samtakanna og handbók fyrir stjórnir:

Eygló hefur hugsað sér að biðja lögsögumanninn Auði Torfadóttur ásamt laganeftndinni að skoða vel orðalag á því efni, sem við erum að nota og samræma orðalag á milli plagga þannig að ekki misskiljist.

Fréttir af nefndarstörfum:

Menntamálanefnd undirbýr vorþingið, félaganefnd skoðar stofnun nýrrar deildar, ritnefnd gaf út fréttabréf í haust og fer að undirbúa vorbréfið. Allar nefndir sem sagt að störfum. Uppstillingarnefnd fer

af stað undir vorið 2017....

Forsetabréf sendir Eygló mánaðarlega til formanna en hefur ekki sett stjórnina í Cc. Ætlað að gera það næst. Spurning um að stofna Facebookhóp um sama efni. Þannig mætti léttu upplýsingaflóðið, vera sýnilegri og koma oftar fram - með færri upplýsingar. Forsetabréfin eru oft svo hlaðin upplýsingum og týnast jafnvel.

Tölvupóstur frá breska landssambandsforsetanum um fyrrum landssamb. forseta í Bretlandi, Dorothy Haley – hún stóð fyrir því að Evrópuforumið var stofnað. Hún fékk slag skömmu fyrir jól og breski landssamb. forseti sagði frá því í tölvupósti til landssambandsforsetanna og sendi heimilisfang ef ske kynni að þeir vildu senda henni kveðju. Eygló sendi henni kort nú fyrir jólin með batakveðjum frá íslenska landssambandinu.

Uppfærsla á vefnum er að verða brýn og fundurinn samþykkti að ganga til samninga við hýsingaraðilann um að uppfæra hann og kaupa lén í leiðinni sem við höfum bara hreinlega dkg.is (sleppa muna) Ljóst er að sambandið á vel fyrir þessu og engin spurning um að stefna að þessu.

Sameiginlegt verkefni / project?

Eygló langar til að samtökin gætu einbeitt sér að einhverju verkefni (project), sem myndi sameina okkur og stilla samtakamáttinn. Gæti verið að styrkja Unicef eða eitthvað annað gott málefni en Eygló hefur þó frekar hugmyndir um að þetta væri frekar eitthvað starf. T.d., sem sneri að ungum kennurum, að bjóða þeim á fund og láta vita af ýmsum reynsluboltum, sem gjarnan vilja styðja við bakið á þeim nýjum kennurum, eða eitthvað gott til að láta af sér leiða í samfélaginu. Gott að eiga þessa hugmynd til að hugleiða og ræða á næsta fundi.

Fundur í febrúar:

Eygló stefnir á Reykjavíkurfærð í febrúar og þá verður vonandi hægt að skjóta á stjórnarfundir – án milligöngu Skype.

Fundi sltið kl. 18:40 - Allir sáttir með fundinn. Jónína Eiríksdóttir ritar